

## *Umsögn um frumvarp til laga um mannanöfn, 161. mál*

Frumvarp dómsmálaráðherra er vandvirknislega unnið miðað við fyrri frumvörp um málið og einkum er greinargerðin vönduð og ætti að hjálpa þingmönnum að gera upp hug sinn í þessu flókna máli. Í frumvarpinu eru ýmis nýmæli sem ástæða er til að fylgja eftir. Þannig er gott að rýmka reglur um hvernig fólk fái breytt eigin nafni (6. gr.).

Ástæða er þó til að hvetja þingheim til að staldra við og velta fyrir sér hagsmunum íslenskrar tungu. Með frumvarpinu eru felld úr gildi 24 ára gömul lög um mannanöfn. Ekki getur það talist langur tími í íslenskri málsögu og því tæplega brýn þörf á að breyta lögum jafn róttækt og hér er lagt til. Ekki hefur verið sýnt fram á slíkan vanda að krefjist jafn róttækrar aðgerðar. Greinargerðin dregur þvert á móti fram að fátt er um knýjandi ástæður til að breyta mannanafnalögum. Fram kemur að núgildandi lög stangast ekki á við mannréttindaákvæði samkvæmt Mannréttindadómstól Evrópu (MDE) eins og stundum hefur verið fullyrt. Þvert á móti dregur dómstóllinn réttilega fram að það geta verið miklir hagsmunir þjóðar fólgnir í því að vernda tungumál sitt. Sannarlega á það við um Íslendinga. Nýlega hafa stjórnvöld blásið til sóknar í málefnum íslenskrar tungu og til stendur að setja ákvæði um tungumálið í stjórnarskrá. Í því ljósi er eðlilegt að í lögum um mannanöfn (3. gr.) verði ákvæði um að mannanöfn skuli almennt vera íslensk. Nú sést á frumvarpinu að gert er ráð fyrir þeirri almennu reglu en litlar hömlur eru þar þó settar á útlend mannanöfn og er það miður. Jafnframt er dregið úr hömlum á fjölgun ættarnafna (5. gr.) sem getur verið varhugavert þar sem það hefur verið sérstaða íslensku að hér eru ættarnöfn ekki almenn. Í þriðja lagi er mannanafnanefnd lögð niður (10. gr.) en þar hafa setið sérfræðingar sem hafa getað leiðbeint almenningi um mannanöfn.

Þegar horft er á málið út frá hagsmunum íslenskrar tungu og þeirra sem aldir eru upp með hana sem móðurmál er langbest að áfram séu ákvæði í mannaafnalögum um að nöfn fylgi íslenskri málhefð. Því er stundum haldið fram að það hefði lítil áhrif á íslensku ef Íslendingar tækju almennt upp erlend nöfn en það má draga í efa. Þvert á móti er líklegt að tungumálinu stafaði talsverð hættu á því. Ekki er hægt að bera saman stöðu íslenskrar tungu og tungumála sem töluð eru af tugmilljónum. Vegna mannfæðar er íslenska mun viðkvæmari og brothættari en danska eða sænska, hvað þá enska og franska. Þau rök að erfitt geti verið að skera úr um hvað sé málhefð geta vart talist þungvæg. Dómstólar hefðu lítið að iðja ef ekki kæmu upp álitamál um alls konar lög og reglur. Sjóðarmiðin sem takast á eru tvö: annars vegar verndun íslenskrar tungu en hins vegar réttur foreldra til að velja börnum nöfn sem samkvæmt greinargerð „hljóti að vera ríkur“. Það er hvorki rökstutt þar né af öðrum sem hafa haldið fram þeim réttindum. Þau falla ekki undir það sem MDE kallar rétt til nafns. Ef lítið er til sögunnar hafa nöfn iðulega verið fá og hefðbundin og ekki endilega hlutverk foreldra að velja þau, hvað þá án íhlutunar samfélagsins. Sú hugmynd er þvert á móti nýstárleg og verður ekki séð að hér sé mikilvægur réttur á ferð að velja öðrum einstaklingi nafn, hvað þá að hann sé ríkari en þeir hagsmunir íslenskra málhafa að móðurmál þeirra verði enn nothæft í elli þeirra. Auk heldur takmarkar það rétt forráðamanna til nafngifta varla svo að neinu nemi þó að gerð sé krafa um að nöfn fylgi íslenskri málhefð. Hér er aðeins á ferð eitt dæmi af fjölmörgum um að umsvif einstaklingsins takmarkast eðlilega af þörfum samfélagsins og þarf ekki að leita lengi að sterkari dæmum um slíkt árið 2020. Fjölmiðlaáhugi á þessu tiltekna dæmi um slíkan áreksstur er handahófskenndur og umfjöllunin einhliða. Því liggur alls ekki fyrir hver hin almennu sjóðarmið eru eða hver þau væru ef upplýst umræða hefði farið fram.

Neikvæð umræða um mannaafnanefnd er annað dæmi um einstefnu í opinberri umfjöllun þegar fjölmörg dæmi eru til um nefndir sem sinna opinberu hlutverki sem takmarkar umsvif einstaklinga. Því er tilvist mannaafnanefndar fjarri því að

vera sérstök og eina ástæðan til að einblína á hana er að hættur þær sem stafa að íslenskri tungu eru vanmetnar. Betra væri því að mannafræðingafund yrði áfram til og alþingismenn létu moldviðrið gegn henni sem vind um eyru þjóta. Að minnsta kosti ætti hún að vera til sem ráðgefandi sérfræðingafund enda er það gott og gegnsætt fyrirkomulag.

Sama gildir um þá hugmynd að mismunun geti falist í því að til séu nokkur gömul ættarnöfn eða ný ættarnöfn innflytjenda. Ekki hefur verið sýnt fram á með sannfærandi hætti að nokkur einasti ávinningur felist í því að bera ættarnafn og eðlilegt er að þeir sem halda því fram bendi á skýr dæmi um slíkan ávinning. Ef um eiginlega mismunun væri að ræða væri á hinn bóginn hægt að leysa úr málinu með því að banna ættarnöfn með öllu þannig að aðeins þeir sem nú beri þau heiti slíku nafni til dánardags en ekki þeir sem síðan fæðast. Afar slæm lausn á vandanum (sé hann fyrir hendi) væri að ættarnöfn verði hér allsráðandi því að það er einmitt sérstaða íslenskrar tungu að ættarnöfn eru ekki almenn. Á hinn bóginn væri til bóta að rýmka reglur og leyfa að kenna sig til annarra ættingja en foreldra (þá í 5. gr.) enda kann að valda fólki sársauka að burðast með nöfn þeirra sem öllu því miska. Ættarnöfn eru þó fjarri því að vera eina lausnin á þeim vanda,

Árman Jakobsson,  
prófessor  
og formaður  
Íslenskrar málnefndar